

Árskýrsla FEBH í Hveragerði 2014

Starfsemin hófst með aðalfundi 13. febrúar 2014. 66 félagar mættir.

Kosinn nýr formaður Hrafnhildur Björnsdóttir, ný í stjórn er Guðlaug Birgisdóttir, Sigurjón Skúlason og í varastjórn Helgi Kristmundsson, aðrir stjórnarmenn halda áfram í eitt ár, þeir eru Egill Gústafsson, Sæunn Freydís Grímsdóttir og Kristín Dagbjartsdóttir. Stjórnarfundir voru 26 á árinu

Í félaginu eru um 200 félagar.

Félagsstarfið er fjölbreytt og er sem hér segir:

Bókmenntir. Handavinna. Brides. Félagsvist. Gönguhópur. Boccia. Vatnsleikfimi. Pútt. Útskurður. Hverafuglar (kórinn). Fyrirlestrar og spjallfundir voru 22.

Nýtt á dagskrá í félagsstarfinu er Línudans, skemmtikvöld, kvikmyndasýningar, námskeið í leikrænni tjáningu og framsögn.

Vinabekkur félagsins í Grunnskólanum er 4 bekkur hann kom í heimsókn og tveir félagar í FEBH fóru í heimsókn til þeirra í desember og lásu jólasögur fyrir börnin.

Gestir: Átta sinnum tókum við á móti eldri borgurum á Sparidögum Hótel Arkar á þriðjudagsmorgnum og þáðu gestir kaffi og jólaköku, það var spjallað og tekið lagið og fólk átti notalega stund saman, samtals 428 eldri borgarar víðsvegar af landinu. Félag eldri borgara í Rangárþingi heimsótti okkur 13. Júní, 40 gestir í kaffi.

Eins og undanfarin ár tók FEBH þátt í dagskrá Blómstrandi daga í Hveragerði.

Blómstrandi dagar í Þorláksetri helgina 14. 15 og 16. ágúst

Í fyrsta sinn í sögu félagsins tók einn hópurinn í félagsstarfinu „Bókmenntahópurinn“ að sér að sjá um dagskrána á Blómstrandi dögum. 20 þátttakendur úr Bókmenntahópnum tóku þátt í dagskránni þessa 3 daga. Einnig var sýning á vatnslitaverkum Sæunnar Freydísar Grímsdóttur. Almenn ánægja með dagskrána. Umsjón með dagskránni hafði Kristín Dagbjartsdóttir og Sæunn Grímsdóttir. Gestir voru 120.

Hverafuglar héldu kóramót 22. nóvember í Hveragerðiskirkju.

Söngstjóri Hverafugla er Örlygur Atli Guðmundsson

Gestakórar voru:

Gleðigjafar úr Borgarfirði, stjórnandi Zuzanne Budai.

Söngkór Miðdalskirkju, stjórnandi Jón Bjarnason,

eftir tónleikana fóru kórarnir saman á Hótel Örk í kaffi.

Fundir og skemmtanir:

Árshátíð var haldin í Þorlákssetri 28. febrúar 2014.	45 gestir.
Vorfundur var haldinn 30. apríl. í Þorlákssetri.	62 gestir
Haustfundur var haldinn 30. ágúst í Þorlákssetri.	70 gestir
Jólafundur var haldinn 11. desember í Þorlákssetri	90 gestir
Þorrablót var haldið í Þorlákssetri 6. febrúar 2015	62 gestir

Það er stefna stjórnar að nota húsnæði félagsins sem mest fyrir allskonar uppákomur.

Ferðir:

Listasafn Árnesinga var heimsótt þrisvar, með leiðsögn Ingu Jónsdóttur, forstöðum. safnsins.

FEBH var boðið á vorfund eldri borgara á Selfossi.

Bíóferð í Selfossbíó að sjá kvikmyndina, „Afann“.

Leikhúsferð í Þorlákshöfn að sjá leikritið „Enginn með Steindóri“.

Farnar voru 2 dagsferðir á vegum FEBH. Heimsókn á Sólheima í Grímsnesi og haustlitaferð um Borgarfjörð.

Sumarferð félagsins var 3ja daga ferð um Norður-land.

Annað

Á formannafundi Landssambands Félags eldri borgara í mars 2014 voru tilmæli til allra félaganna að stofna Öldungaráð. Stjórn FEBH brást strax við og hafði frumkvæði að því að stofna undirbúningsnefnd til að vinna að stofnun Öldungaráðs í samvinnu við bæjarstjórn sem valdi tvo fulltrúa frá sér og FEBH þrjá úr stjórn í nefndina. Undirbúningsnefndin vann að stofnun Öldungaráðs í Hveragerði í góðri samvinnu með bæjarstjóra og bæjarstjórn. Öldungaráð var formlega skipað af bæjarstjórn 16. desember 2014 og tók til starfa 1. janúar 2015. Þrír frá FEBH og tveir frá bæjarstjórn sama fólk og vann að undirbúningi. Öldungaráð er ekki aðeins fyrir félagi í FEBH heldur alla eldri borgara bæjarins, það er ekki framkvæmda aðili, heldur beitir sér fyrir að mál sem tekin eru fyrir hjá ráðinu séu framkvæmd að hálfu bæjarins.

Fyrir hönd stjórnar Félags eldri borgara í Hveragerði.

Hrafnhildur Björnsdóttir formaður
